



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

86.fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn fimmtudag 5.apríl 1984,kl.5 e.h. Mættir voru:Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Bogi Hallgrímsson, Ingi Gunnarsson, Ingimundur Guðnason,Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Gísli Torfason fulltrúi kennara. Þá mætti og á fundinum Hjálmar Árnason kennari, sem flutti fyrsta mál á dagskrá fundarins.

Þetta gerðist:

1. Tölvumál.

Hjálmar Árnason lýsti meðferð þessa máls undanfarið, (sbr.fyrri fundargerðir).Hinn 28.febr. voru allir skólastjórar á Suðurnesjum boðaðir til fundar,ásamt honum og Jóni Hj.Magnússyni,verkfræðingi,sem ráðinn hafið verið til að leggja á ráð í málinu. Hann lagði til , að eitt sameiginlegt tölvuver yrði stofnsett á Suðurnesjum fyrir skólana, en hver skóli hefði þó til ráðstöfunar nokkar "ódyrari" tölvur. Í einum skóla á svæðinu, Fjölbrautaskóla Suðurnesja,er hafin kennsla í þessu efni, þótt í litlum mæli sé. Auk skólanna er gert ráð fyrir að fólk úr atvinnulífinu hafi aðgang að verinu, og tæki þá þar með þátt í fjármögnun fyrirtækisins, sem dreifðist þá á grunnskólana,Fjölbrautaskólann,fyrirtæki og stofnanir,og með þátttöku ríkissjóðs,verði hún fáanleg. Fyrgreindur starfshópur hefur fjallað all-ýtarlega um málið, og kynnt það nokkuð fyrir aðilum utan skólans, m.a. stjórn S.S.S., og undirtektir hafa verið jákvæðar. Fyrir hönd hópsins lagði Hjálmar fram eftirfarandi tillögu:

"Fundurinn samþykkir að stuðla að því að komið verði upp sameiginlegu tölvuveri á Suðurnesjum, og það verði opnað í upphafi næsta skólaárs. Í sumar verði ráðinn deildarstjóri að tölvuverinu.Skólastjórar fá heimild til að vinna áfram að málinu".

Að tilskildu samþykki allra sveitarstjórna í skóla-
héraðinu, og að fé verði fyrir hendi,svo og með þátttöku
ríkissjóðs vegna skólanna, er skólanefnd samþykk tillögunni, og
leggur til að starfshópurinn vinni áfram að málinu, þ.e. beir
Hjálmar Árnason,Siguður Þorkelsson,Hrinn Ásgrímsson, G.D.Ólafsson

og Gylfi Guðmundsson.

2. A: Ingólfur Halldórsson lýsti hugsanlegum framkvæmdum við lóð skólans í sumar, og lagði fram kostnaðaráætlun garðyrkjustjórans í Keflavík varðandi þær, að fjárhæð kr. 788.000. Ljóst er, að ekkert fé er til af hálfu skólans á þessu ári, þótt nauðsynlegt sé að hefja framkvæmdir, m.a. vegna móts UMF í sumar í Keflavík. Jón Böðvarsson lýsti fyrirvara um fullnaðarfrágang lóðarinnar, þar sem áform eru um aðkallandi viðbyggingu við vesturgöfl skólans.

B: Þá lagði Ingólfur fram áætlun um fjárförf á árinu til stofnbúnaðar, bóksafns og viðhalds, samda af kennurum, að fjárhæð kr. 1.103.561, auk verulegrar fjárhæðar til hins sama á næstu árum. Formaður taldi ástæðu til að þakka kennurum greinargott yfirlit, sundurliðaðan lista yfir hugsanleg innkaup, en bæði hann og Ingólfur tóku fram, að fé yrði að vera í auglýsingu til kaupanna, og áætlunin því samþykkt með þeim fyrirvara.

3. Undirbúningur haustannar:

Skólameistari benti á að nú væri nauðsynlegt að auglýsa sem fyrst allar kennarstöður aðrar en þær, sem skipaðir kennarar gegna, og mjög fljólega verði tekin afstaða til umsókna núverandi lausráðinna kennara, og annara umsókna sem berast kunna. Samþykkt. - Skólameistari mun rita Sólrúnu Jensdóttur, skrifstofustjóra í Menntamálaráðuneyti, um mál þetta, og gera þar grein fyrir því, m.a., að nokkrir kennarar munu hætta störfum, aðrir hafi ekki full réttindi, og enn fremur þurfi að taka ákvörðun um kennslumagn á haustönn, vegna þröngra marka varðandi það. Þá gat hann þess, að Anna Lea Björnsdóttir og Sigríður Bílddal hafa sótt um launalaust leyfi frá kennslustörfum veturinn 1984-85.

4. Eins og áður hefur komið fram í fundargerðum, hafði skólameistari launalaust leyfi frá störfum við skólann í janúar sl., og í framhaldi af því frá 1. ágúst til áramóta. Skólanefnd leggur til eins og áður, að Ingólfur Halldórsson verði staðgengill Jóns í fjarveru hans, þ.e. skólameistari, og Hjálmar Árnason gegni störfum Ingólfs sem aðstoðarskólameistari, frá og með 1. ágúst n.k. Jafnframt væntir nefndin þess að þeir fái laun greidd í samræmi við þessi störf, og mun formaður rita ráðuneytinu bréf um þetta.

5. Tilkynningar:

A. Skólameistari gat þess, að í þessum mánuði yrði Júlíus

Óskarsson húsvörður sjötugur. Hefur skólameistari rætt þetta við aðaldeildarstjóra ráðuneytisins, (G.Á.) og hann fallist á að honum yrðu greidd laun þar til í annarlok, l.ág.n.k.

B. Skólameistari: Frá heimsóknum til skólans nú nýverið:

Skólameistari og kennari frá framhaldsskólanum á Norðfirði, dvöldu hér dagstund, og öfluðu sér upplýsinga um rekstur og fyrirkomulag Fjölabrautaskólans.

Forsætisráðherra með fylgdarliði, komu og skoðuðu skólann, og héldu þeir síðan fund með nemendum í íþróttahúsinu, þar sem nemendum var gefinn kostur á umræðum og fyrirspurnum. Voru báðar þessar heimsóknir hinar ágjulegustu.

C. Skólameistari lagði fram í ljósríti grein úr Víkurfréttum frá 29. mars sl., sem virðist gerð eftir viðtali við einn af fastráðnum kennurum skólans í Verknámsdeil, ónafngreindan, þar sem kvartað er undan því, að skólameistari hafi neitað honum um greiðslu á 327 vinnustunda reikningi frá sumrinu 1983, fyrir "frágang á vélum", allt í aukavinnu á meistarakaupi, og svarar til tveggja mánaða vinnu í sumarleyfinu.

Skólameistari kveður þessa "vinnu" hafa verið án sinnar vitundar og samþykkis, enda öllum sem til þekkja kunnugt að frágangi og niðursetningu véla átti að vera, og er, löngu lokið, og á sínum tíma greitt fullt verð fyrir það, sem óskað var eftir að framkvæma í því efni.

Skólameistari kvaðst í fyrra sumar hafa gert þeim verknámskennurum, sem um vinnu spurðu í sumarleyfinu ljóst, að fé yrði ekki fyrir hendi til sérstakra aukagreiðslna í framanrituðu sambandi.

Af þessu gefna tilefni verða verknámshúsin á Iðavöllum lokuð í sumar, en undanfarin ár munu sumir kennarar, ekki síst sá, sem hér umræðir, hafa unnið þar fyrir sjálfa sig, án þess að að því væri fundið sérstaklega.

Skólanefnd var samþykkt skýrslu skólameistara um mál þetta.

D. Selma Guðmundsdóttir píanóleikari og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari efndu til tónleika í skólanum 4. apr. sl. við góðar undirtektir nemenda.

E. Formaður minntist fundar í Reykjavík með fulltrúum frá fjölbrautaskólunum á Selfossi og Akranesi, sbr. fyrri fundarg., þar sem rætt var um fjárhagsstöðu skólanna gagnvart ríkissjóði, ennfremur sýndi hann uppkast að reglugerð um starfssvið skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi, sem hann óskaði eftir að yrði afirfarin, með hliðsjón af samningu

reglugerðar fyrir skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Þá las hann bréf Menntamálaráðuneytis (Örl.Geirsson) dags. 23.mars sl., þar sem "úrskurðaður" er ársreikningur skólans fyrir 1983, útgefinn 25.jan.sl. og þegar sendur því. Úrskurðaðir eru einstakir gjaldaliðir, sem ráðuneytið neytar að greiða, suma að fullu, aðra að hálfu eða einum þriðja, og varðar álagt kennaralaun, sem ríkissjóður einn greiðir út.

Samkvæmt ársreikningi skólans skuldaði ríkissjóður skólanum í árslok kr.1.542.004. Endurkröfur ríkissjóðs á skólann 1983, og verða til lækkunar skuldinni, nema kr.835.057, sem skiptast þannig:

a: Helmingur launagreiðsna fyrir yfirvinnu kennara,

bókasafnsstörf, námsráðgjöf, tækjavörslu, félagsstörf kr.319.742

b: Tveir þriðju hlutar kennslu v.öldungadeild " 515.315

Með millifærslum af hendi ráðuneytisins viðurkennir það skuld sína við skólann að fjárhæð kr.740.203 pr.1/1.1984. Ath. að b-liður er ekki umdeilanlegur, skv. samningi.

Þess skal getið að í ársreikningnum eru tilfærðir rekstúrsliðir, sem vitað var að ríkissjóður tekur ekki þátt í að greiða, og því dregur út strax og færðir á sveitarfélögin, og hafa því ekki áhrif á nðurstöður gagnvart ríkinu. Nemur sú upphæð kr. 622.109

Út af máli þessu las formaður tvö bréf, sem hann skrifar Menntamálaráðuneytinu, annað varðandi einhliða úrskurð þess um hlutdeild í reksturkostnaði F.S. 1983, og hitt um greiðslustöðu skólans gagnvart ríkissjóði þessa dagana, bæði dagsett í dag. Óskar hann fundar um þessi mál hið fyrsta með ráðuneytismönnum.

F. Þá tók formaður enn á dagskrá bréf skólanefndarinnar á Selfossi varðandi akstur skólanema, en ráðuneytið hefur þegar ákveðið, að frá 1.jan.þ.á. taki það ekki þátt í aksturskostnaðinum að hálfu, nema að frádreginni þátttöku nemenda, sem svarar strætisvagnagjaldi pr.dag, sbr.höfuðborgarsvæðið. Skólanefnd F.S. samþykkti í byrjun vorannar, að bíða með að ákveða þetta gjald þar til fyrir haustönn 1984. Á Selfossi mun það hafa verið gert strax í byrjun vorannar. Til nánari athugunar á málinu voru kosnir þeir Hreinn, Ómar og Bogi skólanefndarmenn.

G. Þá las formaður bréf frá kennarafélagsfundi 4.apr.sl. svohljóðandi:

" Kennarafélagsfundur haldinn 4.apríl, skorar á skólanefndina að koma því til leiðar, að fulltrúi kennara fái greidd laun fyrir setu í nefndinni líkt og aðrir fulltrúar. Benda má á, að fulltrúar frá Grunnskólum Keflavíkur fá laun til jafns við aðra

fulltrúa fyrir að sitja í skólanefnd!"

Skólanefnd taldi rétt að verða við þessum tilmælum, sé þetta orðin regla í skólum í Keflavík, og taki þau gildi frá 1. jan. sl.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson
fundarritari.